

Sp.

37. Tillaga til þingsályktunar

[20. mál]

um námskeið í meðferð fiskileitartækja.

Flm.: Björn Jónsson, Karl Guðjónsson, Gunnar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma upp, eigi síðar en fyrir næstu sildarvertíð, námskeiðum fyrir skipstjórnarmenn á fiskiskipum, þar sem veitt verði fræðsla um meðferð og gerð fiskileitartækja. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði nauðsynlegan kostnað, er af þessari framkvæmd leiðir.

Greinargerð.

Á síðustu árum hafa nýjar gerðir fiskileitartækja rutt sér til rúms hér á landi. Er nú svo komið, að nær allir togararnir eru búnir slíkum tækjum og langflestir fiskibátanna, og þykja þeir nú naumast sæmilega búnir til veiða, nema svo sé. Miklum fjármunum hefur verið varið til kaupa á þessum tækjum.

Árangur af þessum nýja búnaði fiskibátaflotans er þegar orðinn mikill og auðsær, ekki sízt að því er sildveiðarnar varðar. Telja sildveiðimenn, að mjög mikill hluti sildaraflans síðustu vertíðir sé fenginn fyrir tilstuðlan þessara tækja, enda hefur samanburður á aflamagni þeirra báta, sem beitt hafa þessum hjálpartækjum við veiðarnar, og hinna, sem ekki hafa haft þau innanborðs, leitt þessa staðreynd í ljós.

Hins vegar er vitað, að mjög er vandasamt og engan veginn auðlært að nota fiskileitartækin svo, að fullur árangur náist við veiðar. Hefur gagnsemi þeirra því ekki orðið janfmikil og orðið gæti, þar sem lítið eða ekki hefur verið aðhafzt í þá átt að veita fiskiskipstjórum almennt aðstöðu til að ná þessari nýju tækni fyllilega á sitt vald.

Þáttill. þeirri, sem hér er flutt, er ætlað að bæta hér úr, og er þá haft í huga, að einhverjir þeirra fiskiskipstjóra, sem náð hafa framúrskarandi árangri með notkun fiskileitartækjanna, svo og tæknilega sérfróðir menn um gerð þeirra yrðu fengnir til að miðla skipstjórnarmönnum af þekkingu sinni og reynslu.

Til frekari áréttingar því, sem hér hefur verið sagt, skulu hér tilfærð ummæli Bjarna Jóhannessonar, skipstjóra á m/s Snæfelli, en hann hefur verið aflahæsti sildveiðiskipstjórinn þrjár síðustu vertíðir. Í viðtali við vikublaðið Dag á Akureyri 10. sept. s. l. segir Bjarni Jóhannesson m. a., aðspurður um, hvað helzt valdi hinum mikla aflamismun skipanna: „Þeir, sem fram úr skara um aflann, munu kunna betur en aðrir að nota hin nýju hjálpartæki. Mér er heldur ekki grunlaust um, að ábótavant sé um niðursetningu þeirra í sumum bátum, og auðvelda þau þá ekki sildarleitina sem skyldi“.

Ekki leikur vafi á, að það, sem hér kemur fram, er almennt álit sjómanna-stéttarinnar.